

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.

1. gr.

Í stað 3. og 4. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar kemur nýr töluliður, 3. tölul., og breytist númeraröð annarra töluliða samkvæmt því. Verður 3. tölul. svohljóðandi:

13% vörugjald:

- Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
- Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
- Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
- Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

2. gr.

7. tölul. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 5. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 23. júlí 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.